



SPROTAR

Nýsköpun er orðin fjórða stoðin

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Forstöðumaður Rannís er ánægður með þróun undanfarinna ára og segir skattaívilnanir og aukin fjárfraðslög hafa haft jákvæð áhrif.

Íslenskt sprota- og nýsköpunarstarf var með öflugasta móti á síðasta ári. „Við sjáum uppganginn ekki bara í þeim fjölda góðra umsókna um hina ýmsu styrki sem okkur berast, heldur líka í öllum þeim nýju fyrirtækjum sem hafa gert það gott og gengur vel að selja vörur sínar og þjónustu bæði hér heima og á mörkuðum erlendis,“ segir Hallgrímur Jónsson, forstöðumaður Rannís. „Ein stærsta vísbendingin sem við höfum um þá þróun sem á sér stað er að þegar útflutningstölur eru skoðaðar þá fer liðurinn „annað“ ört stækkandi við hlið hefðbundinna útflutningsgreina á borð við stóriðju, ferðaþjónustu og sjávarútveg. Það má tala um að fjölbreytt starfsemi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja af ýmsum toga sé orðin fjórða stoðin í útflutningstekjum Íslands.“

Meira fjármagn, nýjar áherslur

Flestir eru sammála um að umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja hafi batnað mikið á undanförnum árum. Frumkvöðlasetur hafa verið opnuð, viðskiptahraðlar vakið lukku og meira fjármagn í boði bæði hjá opinberum sjóðum og hjá fjárfestum. Bara á síðustu tveimur árum bættust nærri þrjú milljarðar króna í sjóði á vegum Rannís. „Munar mikið um aukin fjárfraðslög s.s. í stóru samkeppni-issjóðina tvo; Tækniþróunarsjóð og Rannsóknasjóð. Um leið var gerð sú mikilvæga breyting hjá Tækniþróunarsjóði að hækka styrkfjárhæðir en stytta þann tíma sem verkefni fá styrk. Með því á að hvetja til styttri þróunartíma enda sprotastarf og nýsköpun þess eðlis að hlutirnir þurfa að gerast hratt ef á að takast að ná forskoti í samkeppni. Styrkur í styttri tíma gefur ákveðið spark svo að nú verður að ljúka á tveimur



Morgunblaðið/Árni Sæberg

„Þegar útflutningstölur eru skoðaðar þá fer liðurinn „annað“ ört stækkandi við hlið hefðbundinna útflutningsgreina,“ segir Hallgrímur Jónsson.

Gætu frumkvöðlarnir horfið í nýju góðæri?

Þeir sem lifa og hrærast í frumkvöðlaheiminum eru flestir sammála um að við efnahagshrunið 2008 hafi ákveðnir kraftar losnað úr læðingi. Hallgrímur segir uppganginn í fjármálageiranum árin fyrir hrun hafa orðið til þess að bankarnir „átu upp verkfræðideildirnar og smöluðu til sín bestu nemendum viðskiptafræðideildanna.“ Við hrun bankanna breyttist jafnvægið á vinnumarkaði og fjöldi fólks með vandaða menntun, hæfileika og góðar hugmyndir fékk skyndilega svigrúm til að láta reyna á viðskiptahugmyndir og fá aðra til liðs við sig.

En hvað gerist núna þegar atvinnulífið er búið að ná sér á strik og atvinnuleysi með lægsta móti? Er ekki hætt við að fleiri velji að koma sér þægilega

árum verkefni sem áður fékk að taka þrjú ár eða jafnvel lengri tíma.“

Bendir Hallgrímur líka á að ný stefnumörkun Tækniþróunarsjóðs hafi stuðlað að aukinni nýliðun. „Í nýjustu úthlutunum Tækniþróunarsjóðs má t.d. sjá marga nýja aðila sem ekki hafa sótt um áður. Sprotar og fyrirtæki keppa við jafningja sína

um opinbera styrki, frekar en að keppa við fyrirtæki sem komin eru vel á veg og jafnvel orðin rötgróin á sínu sviði.“

Ívilnanir hafa virkað

Einnig tiltekur Hallgrímur breytingar á skattkerfinu sem fólust meðal annars í því að endurgreiða fyrirtækjum hluta af rannsóknar- og

fyrir á markaði frekar en að takast á við þá áhættu og streð sem fylgir lífi frumkvöðulsins?

„Auðvitað má sjá að ákveðin spenna er að myndast á vinnumarkaði, og fólk er farið að hreyfa sig tíðar á milli starfa í leit að hærri launum. Við erum þó ekki enn komin á þann stað sem við vorum á þegar góðærið stóð hvað hæst,“ segir Hallgrímur.

Hann bætir við að í þetta skiptið sé líka minni ástæða til að óttast að uppgangur í atvinnulífinu verði til þess að kæfa sprotastarfið. „Mín kynslóð setti stefnuna á að finna vinnu hjá starfandi fyrirtæki eða hjá ríkinu, en fleira ungt fólk í dag dreymir um að verða frumkvöðlar.“

þróunarkostnaði. „Skattaívilnanirnar hafa greinilega haft hvetjandi áhrif og fengið fleiri fyrirtæki til að huga betur að þróunarhlið rekstrarins,“ segir hann. „Um síðustu áramót tóku gildi lög um ívilnun fyrir erlenda sérfræðinga sem koma til starfa á Íslandi. Mun það gera íslensk fyrirtæki samkeppnishæfari þegar kemur að því að laða

til sín besta fólkíð utan úr heimi og þannig efla nýsköpun enn frekar. Auk þess voru gerðar breytingar sem stuðla að auknum fjárfestingum í litlum, tiltölulega ungum fyrirtækjum.“

Árangursrík átaksverkefni

Aðspurður hvað hinar norðurlandahjóðirnar gera öðruvísi, og jafnvel betur en Ísland í nýsköpunarmálum segir Hallgrímur að þar sé meira um að ráðist sé í langtíma-verkefni á tilteknum sviðum, og er þá t.d. reynt að styrkja leikjaidnæðinn, líftæknigeira eða þróun nýrra orkugjafa. „Hjá okkur er stuðningurinn almennari. Þó hefur gengið vel með tiltekin átaksverkefni, svokallaða Markáætlun, s.s. við nýtingu jarðhita og þróun vitvélataekni. Þar hefur tekist hefur að byggja upp nýja þekkingu og í framhaldinu gengið vel að sækja fjármagn í rannsóknarsjóði ESB, t.d. fyrir verkefni tengd orkuvinnslu úr jarðhita.“